e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skal sýni úr hluta af framleiðslueiningum fræs, sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar, tekið til samanburðargreiningar í tengslum við opinbera fræprófun. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar, svo og viðkomandi tegundir, en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%.

f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af fræprófunarrannsóknarstofum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem var rannsakað, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.“

3. Í 4. mgr. 2. gr. falli önnur undirgrein brott.

4. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að við eftirlit með yrkjum og athugun á fræi til vottunar taki opinberir aðilar sýni eða að þau séu tekin undir opinberu eftirliti með viðeigandi aðferðum. Þó skulu opinberir aðilar annast töku fræsýna vegna eftirlits í samræmi við 25. gr.“

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Þegar taka fræsýna fer fram undir opinberu eftirliti, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

a) Sýnatökumenn, sem hafa fengið til þess leyfi frá frævottunaryfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, skulu annast töku fræsýna með þeim skilyrðum sem eru sett fram í b-, c- og d-lið.

b) Sýnatökumenn skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir afla sér á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda fyrir opinbera sýnatökumenn og sem er staðfest með opinberum prófum.

Þeir skulu haga sýnatökunni í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir.

c) Sýnatökumenn skulu vera:

i) óháðir einstaklingar,

ii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem hvorki stundar framleiðslu, ræktun né vinnslu fræs né viðskipti með fræ

eða

iii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem stundar framleiðslu, ræktun eða vinnslu fræs eða viðskipti með fræ.

Í því tilviki, sem um getur í iii-lið, er sýnatökumanni eingöngu heimil sýnataka á framleiðslueiningum fræs sem eru framleiddar á vegum vinnuveitanda hans, nema vinnuveitandinn, umsækjandi um vottun og frævottunaryfirvald hafi komið sér saman um annað.

d) Frævottunaryfirvald skal hafa viðeigandi eftirlit með sýnatökunni. Þegar sýnataka er sjálfkrafa verður að fylgja viðeigandi aðferðum undir opinberu eftirliti.

- e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skulu opinberir sýnatökumenn taka sýni til samanburðargreiningar úr hluta af framleiðslueiningum fræs sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%. Þessi sýnataka til samanburðar á ekki við um sjálfkrafa sýnatöku.

Aðildarríki skulu bera fræsýni, sem opinberir aðilar taka, saman við sýni úr sömu framleiðslueiningu sem eru tekin undir opinberu eftirliti.

- f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af sýnatökumönnum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem sýni var tekið úr, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.

1b. Heimilt er að samþykkja frekari ráðstafanir sem grípa má til við sýnatöku undir opinberu eftirliti í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.“

5. Í stað 3. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að sykkurófufræ, sem er uppskorið í þriðju löndum, skuli opinberlega vottað samkvæmt beiðni ef:

- a) sáð er til fræsins með stofnfræi sem er opinberlega vottað í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 1. mgr. 23. gr.,
- b) fræið hefur verið skoðað á akri og uppfyllt skilyrðin sem sett eru með ákvörðun um jafngildi skv. a-lið 1. mgr. 23. gr. fyrir viðkomandi flokk,
- c) komið hefur fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem sett eru í B-hluta I. viðauka um sama flokk, eru uppfyllt.“

6. Í stað b-liðar 1. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„b) sykkurófufræ, sem er uppskorið í þriðja landi og uppfyllir sömu kröfur um eiginleika, fyrirkomulag athugana, að ósvikni fræs sé óyggjandi og um merkingu og eftirlit, sé í þessu tilliti jafngilt fræi sem er uppskorið innan Bandalagsins og samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.“

7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 30. gr.:

„30. gr. a

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., má leysa aðildarríki, ef það æskir þess, að fullu eða að hluta undan þeirri skyldu að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að frátöldum ákvæðum 20. gr., svo fremi ræktun sykkurófna og sala sykkurófufræja hafi afar lítið efnahagslegt gildi á yfirráðasvæði þess.“

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2002/57/EB:

1. Ákvæðum 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í stað iv-liðar í c-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða, að því er varðar skilyrðin í II. viðauka, annaðhvort við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í i-, ii- og iii-lið.“

- b) í stað ii-liðar í d-lið 1. mgr. komi eftirfarandi:

„ii) sem við opinbera athugun eða, að því er varðar skilyrðin í II. viðauka, annaðhvort við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í i-lið.“

- c) í stað iii-liðar í d-lið 2. mgr. komi eftirfarandi:

„iii) sem við opinbera athugun eða, að því er varðar skilyrðin í II. viðauka, annaðhvort við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í i- og ii-lið.“

- d) í stað iv-liðar í e-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

e) í stað iv-liðar í f-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

f) í stað iv-liðar í g-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

g) í stað iv-liðar í h-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

h) í stað iv-liðar í i-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

i) í stað iii-liðar í j-lið komi eftirfarandi:

„iii) sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i- og ii-lið.“

2. Í stað 5. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„5.

Þegar athugun fer fram undir opinberu eftirliti, sem um getur í 1. mgr. (iv-lið c-liðar), 1. mgr. (ii-lið 1. liðar d-liðar), 1. mgr. (iii-lið 2. liðar d-liðar), 1. mgr. (iv-lið e-liðar), 1. mgr. (iv-lið f-liðar), 1. mgr. (iv-lið g-liðar), 1. mgr. (iv-lið h-liðar), 1. mgr. (iv-lið i-liðar) og 1. mgr. (iii-lið j-liðar), skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

A. Akurskoðun

a) Skoðunarmenn skulu:

i) hafa nauðsynlega fagmenntun,

ii) ekki hagnast persónulega í tengslum við skoðanirnar,

iii) hafa opinbert leyfi frá frævottunaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis og þetta leyfi skal fela í sér annaðhvort embættiseið skoðunarmanns eða undirskrifaða yfirlýsingu hans um að hann virði gildandi reglur um opinberar athuganir,

iv) annast skoðun undir opinberu eftirliti í samræmi við gildandi reglur um opinbera skoðun.

b) Plönturnar á frækkrinum, sem skoða á, skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun þar sem niðurstöður voru fullnægjandi.

c) Opinberir skoðunarmenn skulu skoða hluta plantna á frækkrinum. Sá hluti skal vera a.m.k. 5%.

d) Setja skal hluta sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst af frækkrinum, í opinbera eftirskoðun og, ef við á, opinbera fræprófun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess.

e) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í iii-lið a-liðar, sé tekið af skoðunaraðilum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem var rannsakað, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.

B. Fræprófun

a) Fræprófun skal fara fram á sérstökum rannsóknarstofum, sem hafa viðeigandi leyfi frá frævottunaryfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, með þeim skilyrðum sem eru sett fram í b- til d-lið.

b) Á fræprófunarrannsóknarstofunni skal vera frægreinandi sem hefur umsjón með og ber beina ábyrgð á tæknilegu starfi rannsóknarstofunnar og hefur nauðsynlega menntun til faglegrar stjórnunar hennar.

Frægreinendur rannsóknarstofunnar skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir afla sér á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda fyrir opinbera frægreinendur og sem er staðfest með opinberum prófum.

Rannsóknarstofan skal ráða yfir húsnæði og búnaði sem frævottunaryfirvaldið hefur viðurkennt opinberlega að sé fullnægjandi til fræprófunar á því sviði sem leyfið nær til.

Hún skal haga fræprófuninni í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir.

c) Fræprófunarrannsóknarstofan skal vera:

i) óháð rannsóknarstofa

eða

ii) rannsóknarstofa sem tilheyrir fræfyrirtæki.

Í því tilviki sem um getur í ii-lið er rannsóknarstofunni eingöngu heimil fræprófun á framleiðslueiningum fræs sem eru framleiddar á vegum fræfyrirtækisins sem hún tilheyrir, nema það fræfyrirtæki, umsækjandi um vottun og frævottunaryfirvald hafi komið sér saman um annað.

d) Frævottunaryfirvald skal hafa viðeigandi eftirlit með fræprófun á rannsóknarstofunni.

e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skal sýni úr hluta af framleiðslueiningum fræs, sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar, tekið til samanburðargreiningar í tengslum við opinbera fræprófun. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar, svo og viðkomandi tegundir, en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%.

f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af fræprófunarrannsóknarstofum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem var rannsakað, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.“

3. Í 6. mgr. 2. gr. falli önnur undirgrein brott.

4. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að við eftirlit með yrkjum og athugun á fræi til vottunar og athugun á sölufræi taki opinberir aðilar sýni eða að þau séu tekin undir opinberu eftirliti með viðeigandi aðferðum. Þó skulu opinberir aðilar annast töku fræsýna vegna eftirlits í samræmi við 22. gr.“

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Þegar taka fræsýna fer fram undir opinberu eftirliti, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

a) Sýnatökumenn, sem hafa fengið til þess leyfi frá frævottunaryfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, skulu annast töku fræsýna með þeim skilyrðum sem eru sett fram í b-, c- og d-lið.

b) Sýnatökumenn skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir afla sér á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda fyrir opinbera sýnatökumenn og sem er staðfest með opinberum prófum.

Þeir skulu haga sýnatökunni í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir.

c) Sýnatökumenn skulu vera:

i) óháðir einstaklingar,

ii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem hvorki stundar framleiðslu, ræktun né vinnslu fræs né viðskipti með fræ

eða

iii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem stundar framleiðslu, ræktun eða vinnslu fræs eða viðskipti með fræ.

Í því tilviki sem um getur í iii-lið er sýnatökumanni eingöngu heimil sýnataka á framleiðslueiningum fræs sem eru framleiddar á vegum vinnuveitanda hans, nema vinnuveitandinn, umsækjandi um vottun og frævottunaryfirvald hafi komið sér saman um annað.

d) Frævtunnaryfirvald skal hafa viðeigandi eftirlit með sýnatökunni. Þegar sýnataka er sjálfkrafa verður að fylgja viðeigandi aðferðum undir opinberu eftirliti.

e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skulu opinberir sýnatökumenn taka sýni til samanburðargreiningar úr hluta af framleiðslueiningum fræs, sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar, svo og viðkomandi tegundir, en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%. Þessi sýnataka til samanburðar á ekki við um sjálfkrafa sýnátöku.

Aðildarríki skulu bera fræsýni, sem opinberir aðilar taka, saman við sýni úr sömu framleiðslueiningu sem eru tekin undir opinberu eftirliti.

f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af sýnatökumönnum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem sýni var tekið úr, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.

1b. Heimilt er að samþykkja frekari ráðstafanir sem grípa má til við sýnátöku undir opinberu eftirliti í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr.“

5. Í stað 3. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að olú- og trefjajurtafræ, sem er uppskorið í þriðju löndum, skuli opinberlega vottað samkvæmt beiðni ef:

a) sáð er til fræsins með:

i) stofnfræi eða vottuðu fræi af fyrsta ættlið sem er opinberlega vottað annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 1. mgr. 20. gr.

eða

ii) blöndun stofnfræs, sem er opinberlega vottað í aðildarríki, og stofnfræs sem er opinberlega vottað í þriðja landi, sem um getur í i-lið,

b) fræið hefur verið skoðað á akri og uppfyllt skilyrðin sem sett eru með ákvörðun um jafngildi skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. fyrir viðkomandi flokk,

c) komið hefur fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem sett eru í II. viðauka um sama flokk, eru uppfyllt.“

6. Í stað b-liðar 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„b) olú- og trefjajurtafræ, sem er uppskorið í þriðja landi og uppfyllir sömu kröfur um eiginleika, fyrirkomulag athugana, að ósvikni fræs sé óyggjandi og um merkingu og eftirlit, sé í þessu tilliti jafngilt fræi sem er uppskorið innan Bandalagsins og samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.“

5. gr.

Tilskipun 2002/55/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað iv-liðar í c-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða, að því er varðar skilyrðin í II. viðauka, annaðhvort við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í i-, ii- og iii-lið.“

b) í stað iv-liðar í d-lið komi eftirfarandi:

„iv)sem við opinbera athugun eða athugun, sem fer fram undir opinberu eftirliti, telst uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í i-, ii- og iii-lið.“

2. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 2. gr.:

„4. Þegar athugun fer fram undir opinberu eftirliti, sem um getur í 1. mgr. (iv-lið c-liðar) og 1. mgr. (iv-lið d-liðar), skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

A. Akurskoðun

a) Skoðunarmenn skulu:

i) hafa nauðsynlega fagmenntun,

ii) ekki hagnast persónulega í tengslum við skoðanirnar,

iii) hafa opinbert leyfi frá frævottunaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis og þetta leyfi skal fela í sér annaðhvort embættiseið skoðunarmanns eða undirskrifaða yfirlýsingu hans um að hann virði gildandi reglur um opinberar athuganir,

iv) annast skoðun undir opinberu eftirliti í samræmi við gildandi reglur um opinbera skoðun.

b) Plönturnar á frækkrinum, sem skoða á, skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun þar sem niðurstöður voru fullnægjandi.

c) Opinberir skoðunarmenn skulu skoða hluta plantna á frækkrinum. Sá hluti skal vera a.m.k. 5%.

d) Setja skal hluta sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst af frækkrinum, í opinbera eftirkönnun og, ef við á, opinbera fræpröfun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess.

e) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í iii-lið a-liðar, sé tekið af skoðunaraðilum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem var rannsakað, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.

## B. Fræpröfun

a) Fræpröfun skal fara fram á sérstökum rannsóknarstofum, sem hafa viðeigandi leyfi frá frævottunaryfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, með þeim skilyrðum sem eru sett fram í b- til d-lið.

b) Á fræpröfunarrannsóknarstofunni skal vera frægreinandi sem hefur umsjón með og ber beina ábyrgð á tæknilegu starfi rannsóknarstofunnar og hefur nauðsynlega menntun til faglegrar stjórnunar hennar.

Frægreinendur skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir afla sér á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda fyrir opinbera frægreinendur og sem er staðfest með opinberum prófum.

Rannsóknarstofan skal ráða yfir húsnæði og búnaði sem lögbæra frævottunaryfirvaldið hefur viðurkennt opinberlega að sé fullnægjandi til fræpröfunar á því sviði sem leyfið nær til.

Hún skal haga fræpröfuninni í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir.

c) Fræpröfunarrannsóknarstofan skal vera:

i) óháð rannsóknarstofa

eða

ii) rannsóknarstofa sem tilheyrir fræfyrirtæki.

Í því tilviki sem um getur í ii-lið er rannsóknarstofunni eingöngu heimil fræpröfun á framleiðslueiningum fræs sem eru framleiddar á vegum fræfyrirtækisins sem hún tilheyrir, nema það fræfyrirtæki, umsækjandi um vottun og frævottunaryfirvald hafi komið sér saman um annað.

d) Frævottunaryfirvald skal hafa viðeigandi eftirlit með fræpröfun á rannsóknarstofunni.

e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skal sýni úr hluta af framleiðslueiningum fræs, sem eru lagðar fram til opinberrar vottunar, tekið til samanburðargreiningar í tengslum við opinbera fræpröfun. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar, svo og viðkomandi tegundir, en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%.

f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af fræprófunarrannsóknarstofum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem var rannsakað, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.“

3. Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að við athugun á fræi til vottunar taki opinberir aðilar sýni eða að þau séu tekin undir opinberu eftirliti með viðeigandi aðferðum. Þó skulu opinberir aðilar annast töku fræsýna vegna eftirlits í samræmi við 39. gr..“

Þessi ákvæði gilda einnig þegar sýni staðlaðs fræs eru tekin opinberlega fyrir eftirkönnunarprófanir.“

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Þegar taka fræsýna fer fram undir opinberu eftirliti, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

a) Sýnatökumenn, sem hafa fengið til þess leyfi frá frævottunaryfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, skulu annast töku fræsýna með þeim skilyrðum sem eru sett fram í b-, c- og d-lið.

b) Sýnatökumenn skulu hafa nauðsynlega fagmenntun, sem þeir afla sér á námskeiðum sem haldin eru með sömu skilyrðum og gilda fyrir opinbera sýnatökumenn og sem er staðfest með opinberum prófum.

Þeir skulu haga sýnatökunni í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir.

c) Sýnatökumenn skulu vera:

i) óháðir einstaklingar,

ii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem hvorki stundar framleiðslu, ræktun né vinnslu fræs né viðskipti með fræ

iii) einstaklingar, ráðnir af einstaklingi eða lögaðila sem stundar framleiðslu, ræktun eða vinnslu fræs eða viðskipti með fræ.

Í því tilviki sem um getur í iii-lið er sýnatökumanni eingöngu heimil sýnataka á framleiðslueiningum fræs sem eru framleiddar á vegum vinnuveitanda hans, nema vinnuveitandinn, umsækjandi um vottun og lögbær frævottunaryfirvald hafi komið sér saman um annað.

d) Frævottunaryfirvald skal hafa viðeigandi eftirlit með sýnatökunni. Þegar sýnatakan er sjálfkrafa verður að fylgja viðeigandi aðferðum undir opinberu eftirliti.

e) Í tengslum við eftirlitið, sem um getur í d-lið, skulu opinberir sýnatökumenn taka sýni úr hluta af framleiðslueiningum fræs, sem eru lagðar fram til samanburðargreiningar í tengslum við opinbera vottun. Þeim hluta skal að jafnaði dreift sem jafnast á einstaklinga og lögaðila sem leggja fram fræ til vottunar en einnig er heimilt að nota samanburðargreiningar til að uppræta efasemdir í sérstökum tilvikum. Þessi hluti skal vera a.m.k. 5%. Þessi sýnataka til samanburðar á ekki við um sjálfkrafa sýnatöku.

Aðildarríki skulu bera fræsýni, sem opinberir aðilar taka, saman við sýni úr sömu framleiðslueiningu sem eru tekin undir opinberu eftirliti.

f) Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög sem beita má við brotum á innlendum ákvæðum um athuganir undir opinberu eftirliti, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í a-lið, sé tekið af sýnatökumönnum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skulu aðildarríkin sjá til þess að vottun alls fræs, sem sýni var tekið úr, falli úr gildi nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli þrátt fyrir allt allar viðeigandi kröfur.

1b. Heimilt er að samþykkja frekari ráðstafanir sem grípa má til við sýnatöku undir opinberu eftirliti í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 46. gr.“

6. gr.

eða

Í 4. gr. ákvörðunar 98/320/EB kemur dagsetningin „30. september 2005“ í stað „27. apríl 2005“.

*7. gr.*

Eigi síðar en 1. október 2010 skal framkvæmdastjórnin leggja fram ítarlegt mat á einföldun vottunaraðferða sem innleidd var með ákvæðum þessarar tilskipunar. Þetta mat skal einkum beinast að árangri eftirlitskerfa með tilliti til hugsanlegra afleiðinga fyrir gæði fræsins

*8. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*9. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*10. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2004.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. Veerman

*forseti.*

---